Kaupmannahöfn 16. d. octobern. 1839.

Elskulegi vinur minn!

Ástar þakklæti fyrir góða brjefið þitt með gufuskipinu seinast, sem og fyrir allt ástúðlegt og gott bæði að fornu og nýju. –

Ekki veit jeg, hvað jeg á að mæla við þig á blaðið að tarna; jeg er allur af göflum genginn, og stend kófsveittur og verri en vitlaus uppi yfir öllum þessum brjefaskriptum bæði til norðurlandsins og suðurlandsins. Frá útlöndum er ekki mikið tíðindavert; það gengur hvorki nje hrekur með málefni Ítala, en þó eru menn nú að vona, að almennur evropeiskur Congres komist á, og kippi öllu í liðinn. Frakkar og Englendingar búast mikillega til þess að